

Eftirfylgni: *Vinnumálastofnun*

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki þær fjórar ábendingar sem stofnunin beindi til velferðarráðuneytis árið 2014 um úrbætur á sviði vinnumarkaðsmála og stjórnskipulagi Vinnumálastofnunar. Að mati stofnunarinnar hefur með breytingum á lögum um opinber fjármál verið komið til móts við ábendingu um gerð árangursstjórnunarsamnings við Vinnumálastofnun. Vegna breyttra forsenda telur Ríkisendurskoðun ekki heldur rétt að ítreka ábendingu um að kanna frekar fýsileika þess að sameina greiðslukerfi almannatrygginga að svo stöddu. Þótt ráðuneytið hafi ekki unnið markvisst að breyttri stofnanaskipan á sviði vinnumarkaðsmála telur Ríkisendurskoðun að það hafi m.a. stuðlað að samnýtingu húsnæðis Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins. Þá hefur ráðuneytið komist að afdráttarlausri niðurstöðu um að ekki eigi að breyta stjórnskipulagi Vinnumálastofnunar og sjóða hennar.

Úr fyrri skýrslum Ríkisendurskoðunar

Í skýrslunni [Vinnumálastofnun](#) (2008) kannaði Ríkisendurskoðun frammistöðu stofnunarinnar og hvort hagkvæmt væri að flytja verkefni til eða frá henni vegna breytinga á ábyrgðarsviði félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis sem sameinuðust í velferðarráðuneyti í janúar 2011. Stofnunin beindi sjö ábendingum til félags- og tryggingamálaráðuneytis og þremur til Vinnumálastofnunar.

Í [Skýrslu um eftirfylgni: Vinnumálastofnun \(2008\)](#) (2011) voru sex þessara ábendinga ítrekaðar auk þess sem einni nýrri ábendingu var beint til velferðarráðuneytis. Ein ástæða þess hve fáar ábendingar höfðu komið til framkvæmda var að frumvarp til laga frá 2010 um Vinnumarkaðsstofnun, sem átti að taka við verkefnum Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins, var ekki afgreitt. Í framhaldinu var ákveðið að bíða með sameiningu þessara stofnana þar til heildarendurskoðun á stofnanaskipan hins nýstofnaða velferðarráðuneytis hefði farið fram.

Í [Skýrslu um ítrekaða eftirfylgni: Vinnumálastofnun](#) (2014) fylgdi Ríkisendurskoðun ábendingum sínum eftir. Nokkrum var fléttað saman og beindi stofnunin fjórum ábendingum til velferðarráðuneytis.

Ábendingar árið 2014

Í fyrsta lagi ítrekaði Ríkisendurskoðun ábendingu um að endurskoða þyrfti stofnanaskipan á sviði vinnumarkaðsmála og tekjutilfærsluverkefna á markvissan hátt og lögbinda nauðsynlegar breytingar. Í öðru lagi ítrekaði hún að endurskoða þyrfti stjórnskipulag Vinnumálastofnunar og sjóða hennar og meta ávinning þess að stofna fagråd vinnumála sem kæmi í stað stjórnar Vinnumálastofnunar og stjórnna sjóða í hennar umsjón.

Í viðbrögðum velferðarráðuneytis við þessum ábendingum árið 2014 kom fram að á vormánuðum þess árs hefði verið hafin vinna innan ráðuneytisins þar sem farið var yfir kosti þess og galla að sameina Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins. Gera mætti ráð fyrir að mesta hagræðingin yrði vegna sameiningar þjónustumiðstöðva stofnananna á landsbyggðinni. Niðurstaða ráðuneytisins var að sú heildarhagræðing sem mögulega næðist við sameiningu væri ekki nægilega mikil til að réttlætjanlegt væri að ráðast í þær breytingar. Einnig lægi fyrir skýr vilji samtaka aðila vinnumarkaðarins um að hvorki yrðu gerðar breytingar á stjórn Vinnumálastofnunar né sjóða í umsjón hennar.

Í þriðja lagi hvatti Ríkisendurskoðun velferðarráðuneyti til að kanna fýsileika þess að sameina greiðslukerfi ríkisins vegna almannatrygginga. Með því að veita upplýsingum úr mörgum kerfum í einn farveg gætu notendur þjónustunnar m.a. fengið eitt samræmt yfirlit um bætur og aðrar greiðslur. Í viðbrögðum ráðuneytisins við ábendingunni árið 2014 kom fram að innan ráðuneytisins væru kostir og gallar þess að flytja greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði frá Vinnumálastofnun til Tryggingastofnunar ríkisins til skoðunar. Auk þess hefði ráðuneytið til skoðunar að færa þann hluta af starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins sem lyti að endurhæfingu og örorkumati til Vinnumálastofnunar.

Í fjórða lagi hvatti Ríkisendurskoðun velferðarráðuneyti til að gera árangursstjórnunarsamning við Vinnumálastofnun. Í viðbrögðum sínum 2014 kom fram að ráðuneytið fylgdist náið með starfsemi stofnunarinnar almennt og árangri hennar á hverjum tíma.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2017

Í nóvember 2016 óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að velferðarráðuneyti upplýsti hvort og hvernig brugðist hefði verið við ábendingum hennar frá árinu 2014. Svör ráðuneytisins bárust í janúar 2017.

Ráðuneytið er enn þeirrar skoðunar að sameining Vinnu-
málastofnunar og Vinnueftirlits ríkisins komi ekki til með
að skila þeirri heildarhagræðingu sem réttlæti sameiningu.
Vinna hafi farið fram við hugsanlega samnýtingu á skrif-
stofuhaldi þessara stofnana á landsbyggðinni til að ná fram
rekstrarlegri hagræðingu. Ráðuneytið telur einnig að af-
staða samtaka aðila vinnumarkaðarins hafi ekki breyst
hvað varðar aðkomu þeirra að stjórn Vinnu-
málastofnunar og þeirra sjóða sem eru í vörslu hennar. Að mati Ríkis-
endurskoðunar hefur ráðuneytið tekið ábendingar um
breytta skipan og stjórn stofnana á málefnasviði vinnu-
markaðar og atvinnuleysis til fullnægjandi skoðunar. Ríkis-
endurskoðun telur því ekki ástæðu til að ítreka þessar
ábendingar en hvetur ráðuneytið til að huga áfram að úr-
bótum á málefnasviðinu.

Í svörum ráðuneytisins við ábendingu Ríkisendurskoðunar
um að það kannaði fýsileika þess að sameina greiðslukerfi
vegna almannatrygginga kemur fram að ákvæði sem lúta
að stuðningi við atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta
starfsgetu voru felld úr lögum um almannatryggingar og
tekin upp í lög um vinnumarkaðsaðgerðir með lögum nr.
88/2015. Umsýsla málaflokksins, þ. á m. vinnusamningar
öryrkja, færðist því frá Tryggingastofnun til Vinnu-
málastofnunar. Ekki þótti ástæða til að færa framkvæmd fæð-
ingar- og foreldraorlofsdaga frá Vinnu-
málastofnun enda væri um að ræða réttindi sem verðandi foreldrar ávinna
sér með þátttöku á vinnumarkaði. Sama ætti við fram-
kvæmd laga nr. 56/2006 um atvinnuleysistryggingar og
laga nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa.

Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingu sína og tekur
undir rök velferðarráðuneytis um að ekki sé tilefni til að
breyta framkvæmd fyrrgreindra laga eða flytja ábyrgð á
greiðslum frá Vinnu-
málastofnun til Tryggingastofnunar að
svo komnu máli. Hafa verður í huga að ábending stofnun-
arinnar var upphaflega sett fram vegna hugsanlegrar sam-
einingar Vinnu-
málastofnunar, Vinnueftirlits ríkisins og
Tryggingastofnunar ríkisins. Að mati Ríkisendurskoðunar er
útséð um slíkar breytingar. Þrátt fyrir það hvetur stofnunin
ráðuneytið til að huga áfram að sameiningu greiðslukerfa
sem heyra undir málefnasvið þess svo að tryggja megi

greiðsluþegum samræmt greiðsluyfirlit, óháð því á grund-
velli hvaða lagabálka greiðslunnar eiga sér stað og hvaða
stofnanir bera ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Vegna ábendingar Ríkisendurskoðunar um gerð árangurs-
stjórnunarsamnings milli Vinnu-
málastofnunar og velferð-
arráðuneytis svaraði ráðuneytið því til að það hafi kosið að
fara aðrar leiðir til að fylgjast með starfsemi stofnunar-
innar. Til dæmis hafi verið unnin sérstök skýrsla um þróun
og horfur mannafla stofnunarinnar og þá hafi hún tekið
þátt í evrópsku árangursmatsverkefni. Í svari ráðuneytisins
var einnig bent á að í lögum nr. 123/2015 um opinber
fjármál sé gert ráð fyrir að stofnanir skili árlega stefnuskjali
með rekstraráætlunum til ráðherra. Ráðuneytið hefur já-
kvæðar væntingar til þeirra breytinga. Ríkisendurskoðun
telur að þótt enginn árangursstjórnunarsamningur liggi
fyrir sé eftirlit og aðhald ráðuneytisins með árangri Vinnu-
málastofnunar viðunandi. Í því tilliti sé þó mikilvægt að
ráðuneytið fylgi ákvæðum laga um opinber fjármál sem
lúta að stefnumörkun og áætlanagerð ríkisaðila markvisst
eftir og að skýrir árangursmælikvarðar verði skilgreindir
um starfsemi Vinnu-
málastofnunar.

Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016
um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í
samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um
stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir
Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með
sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi
verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um
það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofn-
unin þar megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar
eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Velferðarráðuneyti fékk drög að þessari eftirfylgniskýrslu
til umsagnar og þakkar stofnunin því fyrir aðstoð og upp-
lýsingar við gerð hennar.